

Almennar íbúðir

Opið fyrir umsóknir um stofnframlög, síðari úthlutun 2016



Auglýst er eftir umsóknum um stofnframlög ríkisins til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 555/2016.

Markmið laga um almennar íbúðir er að bæta húsnæðisöryggi fjölskyldna og einstaklinga, sem eru undir tekju- og eignamörkum við upphaf leigu, með því að auka aðgengi að öruggu og viðeigandi leiguhúsnæði og stuðla að því að húsnæðiskostnaður sé í samræmi við greiðslugetu leigjenda.

Stofnframlög eru veitt til byggingar og kaupa á almennum íbúðum til að stuðla að því að í boði verði leiguíbúðir á viðráðanlegu verði fyrir þá sem þurfa á því að halda, þ.m.t. fyrir námsmenn, ungt fólk, aldraða og fatlaða.

Við mat á umsóknum er lögð sérstök áhersla á eftirfarandi:

- Nýbyggingar og fjölgun leiguíbúða
- Íbúðir á svæðum þar sem þörf er á leiguíbúðum fyrir leigjendur undir tekju- og eignamörkum

Auk þess verður lögð áhersla á:

- Hagkvæmar aðferðir við íbúðabyggingar í því skyni að lækka byggingarkostnað
- Skapandi og hugvitsamlegar lausnir og góða hönnun
- Íbúðir sem uppfylla þarfir íbúa á hverju svæði
- Íbúðir sem uppfylla mismunandi þarfir ólíkra hópa
- Að stuðla að fjölbreyttri samsetningu íbúa og félagslegri blöndun

Eftirtaldir aðilar geta sótt um stofnframlög:

- a. Húsnæðissjálfsseignarstofnanir
- b. Sveitarfélög og lögaðilar í eigu þeirra
- c. Lögaðilar sem störfuðu við gildistöku laga um almennar íbúðir og uppfylltu skilyrði til að fá lán skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998

Fjárhæð til úthlutunar í síðari úthlutun ársins 2016 er að hámarki 700 milljónir kr. Stofnframlög ríkisins nema 18% af stofnvirði almennrar íbúðar.

Nauðsynlegt er að sækja jafnframt um stofnframlag hjá því sveitarfélagi þar sem viðkomandi íbúð er staðsett, og er samþykki sveitarfélagsins eitt af skilyrðum fyrir veitingu stofnframlags ríkisins.

Umsóknum skal skila inn á rafrænu formi á heimasíðu sjóðsins. Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar 2017. Umsókn sem berst eftir að umsóknarfrestur rennur út verður ekki tekin til umfjöllunar.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Íbúðalánasjóðs, www.ils.is.

Umsóknarfrestur:
30. janúar 2017

